



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um stoðdeild í Háaleitisskóla

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. apríl 2019 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. mars 2019, ásamt umsögn skólaráðs Háaleitisskóla um tillöguna, dags. 8. mars 2019 og umsögn foreldrafélags Háaleitisskóla um tillöguna, dags. 26. mars 2019:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að sett verði á laggirnar stoðdeild þar sem þróað verður starf fyrir börn einna helst í 3. – 10. bekk sem þurfa sértækan stuðning við að hefja nám í grunnskóla Reykjavíkurborgar. Í þessum hópi eru fyrst og fremst börn umsækjenda um alþjóðlega vernd og í einhverjum tilfellum börn sem hafa mjög rofna skólagöngu erlendis að baki. Deildin verður starfrækt við Háaleitisskóla – Álftamýri frá og með skólaárinu 2019-2020.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Skóla- og frístundaráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Sá hópur grunnskólanemenda sem sækir um alþjóðlega vernd er ekki einsleitur og það er afar mikilvægt að standa vel að því að taka á móti honum í skólakerfinu á forsendum hvers og eins. Undanfarin ár hefur hópurinn farið stækkandi og samhliða því er aukin þjónustubörf fyrir þennan viðkvæma hóp. Það er ekki síður mikilvægt að hlúa að félagslegri stöðu hans eins og námslegri sama hversu lengi hann staldrar við á Íslandi. Stoðdeildin sem nú er verið að setja á laggirnar í Háaleitisskóla - Álftamýri er hugsuð sem tímabundið úrræði fyrir grunnskólabörn sem hafa sótt um alþjóðlega vernd á meðan unnið er að mati á námslegri stöðu þeirra og félagsfærni og líðan. Í stoðdeildinni verður lögð áhersla á að vinna og byggja upp heildrænan skóladag í góðu samstarfi við frístundamiðstöðina Kringlumýri og annarra aðila í hverfinu. Búseta nemenda er víðsvegar í Reykjavík og verða samgöngur tryggðar fyrir þau í og úr skóla meðan á dvölinni í stoðdeildinni stendur. Markmiðið með stoðdeildinni er að undirbúa nemendur síðar meir til að sækja nám og félagsstarf í sínu hverfi.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga og greinargerð, dags. 18. mars 2019

Umsögn skólaráðs, dags. 8. mars 2019

Umsögn foreldrafélags Háaleitisskóla, dags. 26. mars 2019



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um stofnun stoðdeildar vegna móttöku nemenda sem þurfa sértækan stuðning við að hefja nám í grunnskóla Reykjavíkurborgar

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að sett verði á laggirnar stoðdeild þar sem þróað verður starf fyrir börn einna helst í 3. – 10. bekk sem þurfa sértækan stuðning við að hefja nám í grunnskóla Reykjavíkurborgar. Í þessum hópi eru fyrst og fremst börn umsækjenda um alþjóðlega vernd og í einhverjum tilfellum börn sem hafa mjög rofna skólagöngu erlendis að baki. Deildin verður starfrækt við Háaleitisskóla – Álftamýri frá og með skólaárinu 2019-2020.

Greinargerð:

Tillagan var að grunni til sett fram í skýrslu starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd í skóla- og frístundastarfi, dags. september 2018. Skýrsla starfshópsins, *Velkomin*, var lögð fram í skóla- og frístundaráði á 147. fundi ráðsins þann 13. nóvember 2018. Á sama fundi var lögð fram innleiðingaráætlun í tengslum við tillögur starfshópsins og var tillaga varðandi stoðdeild ein af þeim.

I Umsækjendur um alþjóðlega vernd í grunnskólum í Reykjavík 2017- 2019

Á árunum 2017 til 2019 hafa 57 börn á aldrinum 6 – 16 sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd farið í grunnskóla Reykjavíkurborgar. Nemendurnir hafa dreifst á 12 skóla víðsvegar um borgina og er talin þörf á aukinni þjónustu fyrir þennan viðkvæma hóp. Vegna sérstöðu þessa nemendahóps er mikilvægt að hlúa vel að félagslegri og námslegri stöðu þeirra þar sem gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra muni staldra stutt við í íslensku samfélagi. Lögð er áhersla á að nemendur verði tímabundið í viðkomandi úrræði á meðan unnið er að mati á námslegri stöðu þeirra og hlúð að félagslegum og sálrænum þáttum þeirra eftir bestu getu. Lögð verður áhersla á að byggja upp heildrænan starfsdag barnanna með tillit til félagslegrar þátttöku í góðu samstarfi við frístundamiðstöðina Kringlumýri og aðra aðila í hverfinu. Búseta nemenda er víðsvegar í Reykjavík og verða samgöngur tryggðar fyrir þau í og úr skóla meðan á dvölinni í stoðdeildinni stendur.

II Ný stoðdeild

Á síðustu vikum hefur fagskrifstofa grunnskólamála á skóla- og frístundasviði skoðað hvaða skólar borgarinnar hafa möguleika og áhuga á að hýsa nýja stoðdeild vegna móttöku nemenda sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd og barna sem hafa mjög rofna skólagöngu erlendis að baki.

Niðurstaða þessarar vinnu er sú að mælt er með að stoðdeildin verði starfrækt við Háaleitisskóla – Álftamýri. Deildin taki til starfa 1. ágúst 2019 og verði tekið á móti nýjum nemendum í 3. – 10. bekk. Skólinn liggur vel við samgöngum og er mjög miðlægt í borginni, íþróttafélagið í hverfinu er með starfsstöð við skólann og húsnæði í frístundaheimili nýtist vel ásamt skólahúsnæðinu.

Fyrir liggur umsögn skólaráðs Háaleitisskóla, dags. 8. mars 2019, en þar kemur fram að skólaráðið leggist ekki gegn stofnun stoðdeildar en ítrekað er mikilvægi þess að deildinni verði tryggð aðstaða, nægt fjármagn og aðrar bjargir um ókomna framtíð. Kennarafundur hefur einnig fjallað um stofnun deildarinnar og lýsir yfir mikill ánægju með verkefnið.

Einnig liggur fyrir umsögn foreldrafélags Háaleitisskóla, dags. 26. mars 2019, þar sem fram kemur að foreldrafélagið leggist ekki gegn því að stofnuð verði stoðdeild fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, að foreldrafélagið treysti því að starfsemi stoðdeildarinnar verði tryggt fjármagn og óskað er eftir því að skólayfirvöldum verði gert kleift að aðlaga nemendur og foreldra þeirra sem fyrir eru í skólanum að nýrri starfsemi með upplýsingum og fræðslu.

III Ákvæði laga um grunnskóla varðandi sérúrræði

Í 42. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, með síðari breytingum, kemur fram að sveitarfélög geta beitt sér fyrir sérúrræðum innan grunnskóla eða stofnað til reksturs sérskóla þegar almennt nám og kennsluhættir hæfa ekki þörfum eða hag nemenda. Slíkum úrræðum er ætlað að veita nemendum sérhæft umhverfi til náms í lengri eða skemmri tíma þar sem jafnframt skal lögð áhersla á að veita starfsfólki almennra grunnskóla stuðning og kennslufræðilega ráðgjöf.

Í 2. og 3. mgr. 20. gr. reglugerðar nr. 585/2010, með síðari breytingum, um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla kemur fram að sveitarfélög sem reka sérskóla eða önnur sérúrræði innan grunnskóla sem stofnað er til samkvæmt 42. gr. laga um grunnskóla skuli setja reglur um innritun nemenda, svo og reglur um útskrift eða lok slíkrar aðstoðar þar sem gerð er grein fyrir aðkomu og mati fagaðila. Í reglunum skal kveðið á um málsmeðferð og skilyrði fyrir inntöku nemenda í viðkomandi sérskóla eða sérúrræði. Heimilt er að skipa ráð með fagaðilum sem geri tillögu til skólastjóra um innritun og/eða útskrift nemanda úr sérskóla eða sérúrræði.

Jafnframt kemur fram í sama ákvæði að ráðherra staðfesti reglur sveitarfélaga um innritun og útskrift nemenda úr sérskóla eða sérúrræði sem stofnað er til samkvæmt 42. gr. laga um grunnskóla. Innritunarreglur skulu birtar opinberlega.

Með vísan til framangreinds vinnur skóla- og frístundasvið að reglum um innritun og útskrift nemenda í stoðdeildina. Reglurnar verða lagðar fyrir skóla- og frístundaráð, borgarráð og borgarstjórn til samþykktar þegar þær liggja fyrir.

IV Kostnaður

Ráðið verður í eitt stöðugildi deildastjóra, þrjú föst stöðugildi kennara og eitt stöðugildi stuðningsfulltrúa og rúmast þau stöðugildi og annar rekstrarkostnaður deildarinnar innan fjárheimilda sviðsins. Kostnaður við stoðdeild er í samræmi við kostnaðarmat á innleiðingaráætlun á tillögum starfshóps um móttöku og aðlögun barna innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd. Miðað er við að starfsemi hefjist 1. ágúst 2019. Gert er ráð fyrir að húsnæði deildarinnar verði í grunnskóla og því verður ekki um viðbótar innri leigu að ræða. Í fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2019 er samþykkt fyrir 14.400 þús.

Í þús kr.	2019
Stofnkostnaður	2.500
Laun	20.100
Rekstur	1.840
Framlag ríkis vegna hælisleitenda	-10.000
Samtals kostnaður Rvk.borgar	14.440



HÁALEITISSKÓLI

8. mars 2019

Umsögn skólaráðs Háaleitisskóla um stofnun stoðdeildar fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Skólaráð Háaleitisskóla hefur í dag fengið til umsagnar tillögu um stofnun stoðdeildar fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Skólaráð leggst ekki gegn stofnun stoðdeildar en ítrekar mikilvægi þess að henni verði tryggð aðstaða, nægt fjármagn og aðrar bjargar um ókomna framtíð.

Kennarafundur hefur einnig fjallað um stofnun deildarinnar og lýst yfir mikilli ánægju með verkefnið.

f.h. skólaráðs

Hanna Guðbjörg Birgisdóttir,
skólastjóri Háaleitisskóla

26/03/2019

Umsögn foreldrafélags Háaleitisskóla um stofnun stoðdeildar fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Foreldrafélag Háaleitisskóla leggst ekki gegn því að stofnuð verði stoðdeild fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd. Foreldrafélagið treystir þeim upplýsingum að starfsemi stoðdeildar verði tryggð fjármagn. Auk þess óskar foreldrafélagið efti því að skólayfirvöldum verði gert kleift að aðlaga þá nemendur og foreldra þeirra, sem eru fyrir í skólanum að nýrri starfsemi með upplýsingafræðslu.

F.h. Foreldrafélags Háaleitisskóla

Gunnar Alexander Ólafsson formaður

